

Fundargerð 106. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn á Teams, 1. september 2025, kl. 13:00

Dagskrá:

- 1. Áhersluverkefni Suðurlands**
- 2. Heimsókn stýrihópsins til Samtaka sveitarfélaga á Austurlandi**
- 3. Vinna við endurskoðun byggðaaætlunar**
- 4. Önnur mál**

Mætt: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (IRN), Albertína F. Elíasdóttir (SSNE), Baldur Þ. Guðmundsson (MNH), Guðjón Björn Guðbjartsson (FOR), Guðný Hrafnkelsdóttir (ATRN), Krístrún Friðriksdóttir (DMR), Magnús Örn Agnesar Sigurðsson (URN), Margrét Erlendsdóttir (HRN), Sigurður Steingrímsson (MNH), Reinhard Reynisson (Byggðastofnun), Valgerður Rún Benediktsdóttir (sambandinu), Þór Hauksson Reykdal (MRN) og Heba Guðmundsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Fjarverandi: Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Eva Margrét Kristinsdóttir (FRN) og Sigríður Eysteinsdóttir (UTN).

Formaður setti fundinn. Áður en gengið var til boðaðrar dagskrár bauð formaður Guðnýju Hrafnkelsdóttur (ATRN) velkomna til starfa með stýrihópnum en hún tekur við af Bryndísi Eiríksdóttur. Þá var Magnús Örn boðinn velkominn til baka úr fæðingaorlofi.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Áhersluverkefni Suðurlands

Fyrir fundinn höfðu fulltrúar stýrihópsins fengið til yfirferðar tvö ný áhersluverkefni frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, SASS. Er sá háttur hafður á að fulltrúar ráðuneyta skoði sérstaklega vel þau verkefni sem tilheyra ábyrgðarsviði þeirra og eftir atvikum að upplýsa sitt samstarfsfólk um þau. Verkefnin voru bæði staðfest af hálfu stýrihópsins með ábendingum.

2. Heimsókn stýrihópsins til Samtaka sveitarfélaga á Austurlandi

Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál sækir Samtök sveitarfélaga á Austurlandi heim 8. september nk. Heimsóknin er hluti af árlegum fundum stýrihópsins með öllum landhlutasamtökunum. Sá háttur er hafður á að tvö landshlutasamtök eru heimsótt á ári og hinir fundirnir fara fram á fjárfundi. Formaður fór yfir fyrirhugaða dagskrá á Austurlandi.

3. Vinna við endurskoðun byggðaaætlunar

Formaður fór yfir vinnu sem hafin er við endurskoðun byggðaaætlunar en lögum samkvæmt leggur innviðaráðherra á hverju kjörtímabili fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun til fimmtán ára og samhliða henni tillögu að aðgerðaaætlun til fimm ára. Vinna við

endurskoðun byggðaaætlunar hófst með samráðsfundum innviðaráðherra um land allt í ágúst 2025 og áætlað að henni ljúki með tillögu til þingsályktunar sem lögð verður fyrir Alþingi haustið 2026.

Við endurskoðun byggðaaætlunar verður haft víðtækt samráð við öll ráðuneyti í gegnum stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál, Samband íslenskra sveitarfélaga, landshlutasamtök sveitarfélaga og aðra haghafa. Almennungi munu jafnframt gefast góð tækifæri til að segja sína skoðun og koma tillögum á framfæri. Opnað hefur verið fyrir rafrænt samráð á vef Byggðastofnunar þar sem öllum gefst tækifæri til þátttöku. Hægt verður að taka þátt í þessum hluta samráðsins fram til 31. október 2025 og mun það nýtast við gerð stöðumats (þ.e. grænbókar). Áætlað er að stöðumatið verði sett fram í samráðsgátt stjórnvalda eigi síðar en í desember 2025 og aftur verður boðið upp á rafrænt samráð á vef Byggðastofnunar þegar vinna hefst við gerð þingsályktunartillögu (þ.e. hvítbókar). Formaður hvatti fulltrúa stýrihópsins til að skoða hvernig tengja megir byggðaaætlun við stefnur og áætlanir þeirra ráðuneyta/sveitarfélaga.

4. Önnur mál

Formaður minnti á fyrirhugaða heimsókn stýrihópsins á Vesturland 22. október nk. Annað var ekki rætt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:45.